



# Starfsörorkuþrygging vegna slysa

Skilmáli nr. SS13

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. SS13.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framár skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framár frávikjanlegum lagaákvæðum.

Starfsörorkuþrygging vegna slysa er fyrir einyrkja og þau sem eru ekki í stéttarfélögum. Hún er einnig fyrir þau sem eru slysatryggð en vilja eiga rétt á hærri bóttum eða víðtækari vernd.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## 1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggður er sá sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 2. Hvar gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

## 3. Hugtakið slys

3.1 Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans.

## 4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 VÍS greiðir bætur vegna slyss sem tryggður verður fyrir ef það leiðir til:

- Varanlegar starfsörorku.
- Tímabundins missis starfsorku.

4.2 Bótaþættir sem tryggingin tekur til koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

4.3 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.

## 5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 VÍS greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:

- Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Með íþróttum er hér átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi. Þessi takmörkun á þó ekki við um almenningsþátttöku í keppni eða æfingum í golfi, götuhjólreiðum, þríþraut, víðavangs- og götuhlaupi.
- Í bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt.
- Í akstursíþróttum.
- Í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
- Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.
- Í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.
- Í loftbelgs-, svifvængja-, dreka-, svif-, fisvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
- Í teygjustökki, fallhlífastökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
- Í flugi, nema tryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

Áhættu samkvæmt a–f lið gr. 5.1 er hægt að tryggja sérstaklega.



- k) Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkennndri heilbrigðisstofnun.
  - l) Af völdum eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja tryggðs.
  - m) Af völdum matar- eða drykkjareitrunar.
  - n) Af völdum sýkingar vegna skordýrabits eða stungu.
  - o) Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
- 5.2 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 6. Áhættubreyting

- 6.1 Breyti tryggður um starfsvettvang skal hann tilkynna VÍS um það án ástæðulausa dráttar. Vanræksla á því getur leitt til þess að ábyrgð VÍS vegna hvers tjónsatburðar verði hlutfallslega lækkuð.<sup>1</sup>

## 7. Verð

- 7.1 Verð tryggingarinnar er reiknað út frá starfi tryggðs.
- 7.2 Verð breytist við endurnýjun tryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.

## 8. Aldurstakmörk

- 8.1 Tryggingin fellur úr gildi þegar tryggður nær 67 ára aldri.

## 9. Tryggingarfjárhæð

- 9.1 Hámarks tryggingarfjárhæðir vegna örorkubóta og dagpeninga koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 9.2 Tryggingarfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysliverðs.
- 9.3 Bætur reiknast á grundvelli tryggingarfjárhæða á slysdegi eins og hér segir:
- a) Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
  - b) Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi meðan starfsorkumissir varir.

## 10. Ákvörðun bóta

- 10.1 Bætur vegna varanlegrar starfsörorku
- 10.1.1 Valdi slyss tryggðum varanlegri starfsörorku innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast örorkubætur.
  - 10.1.2 Við ákvörðun örorkunnar skal meta hana með tilliti til getu tryggðs til áframhaldandi þeirra starfa sem getið er um í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til örorku. Ef líkur eru til, að ástand tryggðs megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Vegna 100% varanlegrar starfsörorku greiðist öll tryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega. Örorkan getur aldrei talist meiri en 100%.
  - 10.1.3 Örorkan skal að jafnaði metin einu ári eftir slysið, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag.
  - 10.1.4 Leiði slyss til varanlegrar starfsörorku skulu VÍS og tryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
- 10.2 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku
- 10.2.1 Valdi slyss tryggðum tímabundnum missi starfsorku til að gegna því starfi sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun greiðir VÍS dagpeninga. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati læknis eða þar til starfsörorkumat hefur farið fram. Dagpeningar greiðast þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma er kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki eftir að þrjú ár eru liðin frá slysdegi.
  - 10.2.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt skírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

<sup>1</sup> Sbr. 88. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.



- 10.2.3 VÍS tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 10.2.4 Stafi starfsorkumissir slasaðra að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 10.3 VÍS er heimilt að láta lækni, að vali VÍS, skoða tryggðan.
- 10.4 VÍS er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar tryggðs að fengnu samþykki hans.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**